

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 30. nóvember 2018
Mnr. 2016090101



ÍSAFJARÐARBÆR

Styrkur til foreldra vegna frístundaaksturs

Á fundi íþrótt- og tómstundanefndar var þann 21. nóvember 2018 var lögð fram eftirfarandi bókun frá fulltrúum nefndarinnar:

„Fulltrúar í Íþrótt- og tómstundanefnd leggja til við bæjarstjórn að hægt verði að sækja um sérstakan akstursstyrk til móts við kostnað vegna aksturs barna frá Dýrafirði, Öfundarfirði og Súgandafirði í íþrótt- og tómstundaiðkun. Jafnframt leggja fulltrúar flokkanna til við bæjarstjórn að farið verði í heildstæða endurskipulagningu á almenningsamgöngum í Ísafjarðarbæ, akstursstyrkur væri því tímabundin lausn uns heildstæðu kerfi verður komið á.“

Nefndarmenn hafa sent sviðsstjóra hugmynd að útfærslu og leggja til að greiðslur hefjist á nýju ári og því þurfi að gera ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019.

Gróflega er áætlað að um 40-45 heimili myndu nýta sér styrkinn og hann sé kr. 30.000 á hvert heimili á ári. Styrkurinn er hugsaður fyrir foreldra barna í 1.-10. bekk grunnskóla og að þau stundi íþróttir eða tómstundir sem ekki er hægt að stunda í þeirra næsta umhverfi. Í umsókn um styrk þarf að liggja fyrir staðfesting á iðkun.

Þá ítrekar nefndin að mikilvægt sé að sú rúta sem nú ekur milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur fari inn í Skutulsfjörð þar sem ekki á að veita styrki til foreldra barna sem þar búa.

Íþrótt- og tómstundanefnd leggur einnig ríka áherslu á að þetta sé tímabundin lausn á meðan verið er að vinna að heildstæðu kerfi varðandi samgöngur í Ísafjarðarbæ.

Miðað við tillögu íþrótt- og tómstundanefndar þarf að bæta inn í fjárhagsáætlun 2019 kr. 1.300.000.

MH